

MA-tíðindi

Nóvember 2013

Umsjón: Alma Oddgeirsdóttir og Sverrir Páll Erlendsson



“Glaðasti skóli í heimi”
við upphaf
geðræktarárs
heilsueflandi
framhaldsskóla

GEÐRÆKT Í HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLA

Það var dansað og sungið og ótalmargt gert sér til skemmtunar og gulrætur og rófur nagaðar með þegar geðræktarári heilsueflandi framhaldsskóla var ýtt úr vör í Kvosinni.

Í lok velgengnisdaga söfnuðust allir nemendur og kennarar skólans saman í Kvosinni og þar fór fram mikil dagskrá og fjölbreytt. Kennarar stóðu fyrir söngsal í gömlum stíl og Magni Ásgeirsson kom í lokin og magnaði stemminguna sem endaði í rokki.

Hjalti Jónsson sálfræðingur við VMA og gamall nemandi MA ræddi um líðan nemenda og nauðsyn þess að láta vita ef manni líður ekki vel, tala saman og reyna að leysa vanda á byrjunarstigi í stað þess að rækta hann með sér.

Zumbadrottningin Eva Reykjalin kom svo öllum þessum rúmlega 700 manna sal á hreyfingu. Síðan var keppni milli kennara og nemenda í ræðumensku og spurningum og í blálokin var svo yndisfagur söngur fimm stúlkna úr nemendahópnum og öllum boðið upp á ferskar og nýuppteknar gulrætur og gulrófur.

Geðræktarárið er þáttur í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli. Hólmfríður Jóhannsdóttir forvarnafulltrúi stýrir því og hefur með sér góða og fjölmenna nefnd skipaða fulltrúum nemenda og kennara.



Söngstúlkurnar

Sigrún Mary McCormick, Eva Laufey Eggertsdóttir, Aldís Bergsveinsdóttir, Kamilla Dóra Jónsdóttir og Steinunn Atladóttir sungu í lok geðræktarsalarins.

ÁGÆTU FORELDRAR / FORRÁÐAMENN

Skólastarfið í Menntaskólanum á Akureyri hefur farið vel af stað í haust. Skólaárið hófst með fjölmennri skólasetningu og kynningarfundum fyrir foreldra/forráðamenn nýnema og viljum við þakka ykkur fyrir að sækja svo

**FORMA er
Foreldrafélag
MA**

mörg skólann heim. Það er okkur ómetanlegt að þið sýnið skólastarfinu áhuga, það er marggrannsakað og sannreynt að gott upplýsingaflæði og samstarf milli heimila og skóla stuðlar að vellíðan og velgengni barna og ungmenna í námi.

Minnt er á að ýmsar upplýsingar um skólann má finna á www.ma.is og eins í handbók fyrir foreldra/

forráðamenn nýnema sem birtist á vef skólans í haust,

http://www.ma.is/static/files/skolinn/kynningarbaeklingar/Baeklingur_i_upphafi_skolaars_2013.pdf

Við hvetjum líka foreldra til að láta okkur vita um það sem betur má fara, svo við getum bætt skólastarfið og stuðlað að betri líðan nemenda. Eins hvetjum við ykkur til að fylgjast með og taka þátt í starfi FORMA, Foreldrafélagi MA, en fundargerðir og önnur gögn um félagið eru á vef skólans, www.ma.is undir hnappnum Skólinn.


INNA - VEIKINDI - MÆTINGAR OG FLEIRA

<https://www.inna.is/nemendur> er slóðin að Innu sem er upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla. Á Innu er hægt að fylgjast með skráningu fjarvista, miðannarmati og einkunum úr annarprófum. Foreldrar eru beðnir um að athuga hvort netföng þeirra eru rétt skráð í Innu. Hægt er að komast inn á Innu með svokölluðum Íslykli frá Þjóðskrá og hægt er að sækja um hann í gegnum Innu eða í heimabanka.

Reglur um skólasókn eru birtar á vef skólans og einnig var gerð grein fyrir þeim í handbókinni til foreldra sem áður hefur verið minnst á.

Nemandi þarf að ná að lágmarki 90% skólasókn yfir önnina en mikilvægt er að nemendur á fyrsta ári mæti vel. Ef nemandi er veikur og foreldrar/forráðamenn ólöggráða nemenda **skrá veikindin á Innu** að morgni dags eru fjarvistir vegna veikindanna felldar niður. Alltaf þarf að skila inn vottorði vegna veikinda í prófum. Nemandi ber ætíð ábyrgð á því sjálfur að láta kennara vita strax ef hann missir af **prófi eða verkefnum** vegna veikinda.

Foreldrar eru beðnir um að fylgjast vel með mætingu barna sinna því góð skólasókn er mikilvæg, ekki síst á fyrstu árunum í framhaldsskóla. Mæting nemenda er tekin út á fjögurra til fimm vikna fresti og ef henni er ábótavant fá nemendur og forráðamenn þeirra viðvörun senda í tölvupósti. Næsta mætingarúttekt er mánudaginn 18. nóvember.



Á velgengnisdögum

Nemendur í 1. bekk unnu á velgengnisdögum að fjölbreyttum verkefnum sem tengdust einkum sjálfsmynd og mótun hennar. Þeir fjölluðu um staðalímyndir, gerðu veggmyndir tengdar þeim og fengu í heimsókn Kristján Guðmundson frá Dalvík sem sagði frá því þegar hann lenti í lífshættulegu slysi og hvernig hann komst á fætur með því að gefast aldrei upp. Einnig var hjá krökkunum ljósmyndamaraþon og hér er unnið við það.

FERÐALÖGIN



Ferðirnar að Hólavatni

Nú hafa allir 1. bekkir farið í skálaferð fram að Hólavatni í Eyjafirði. Foreldrar skipulögðu ferðirnar í samvinnu við umsjónar-kennara og sáu um gæslu.

Skemmst er frá því að segja að ferðirnar heppnuðust afar vel og var almenn ánægja með þær í hópi nemenda. Skólinn er þakklátur foreldrafélaginu fyrir þetta frumkvæði enda gegna skálaferðir mikilvægu hlutverki í að styrkja samstöðu nemenda í bekkjunum.

Heilsuefandi framhaldsskóli

Menntaskólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli, sem er stýrt af Lýðheilsustöð (Landlæknis-embættinu).

Verkefnið felur í sér stefnu í forvarna- og heilsuefningarmálum þar sem unnið er að sjálfstyrkingu nemenda og að efla tengsl skólans við grenndarsamfélagið.

Höfuðáhersla er lögð á fjögur viðfangsefni, næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Í vetur er áherslan lögð á geðrækt og m.a. annars unnið með sjálfstyrkingu og jákvætt hugarfar.

Frá námsráðgjöfum

Prófkviðanámskeið verður haldið seinnihluta annarinnar og verður auglýst á vefnum. Nemendur eru hvattir til að hafa samband við námsráðgjafa sem fyrst ef þeir telja að prófkviði hamli árangri. Einnig verða fljótlega auglýst örnámskeið í námstækni, t.d. í lestrartækni, glósugerð, tímaskipulagningu o.s.frv. Nemendur geta farið í áhugasviðs-kannanir til dæmis ef vafi leikur á vali á námssviði.

Hægt er að kynna sér þjónustu námsráðgjafa og reglur um lengri próftíma <http://www.ma.is/is/thjonusta/nemendavernd/namsradgjof/> eða með því að hafa samband við námsráðgjafa.

Sækja þarf um lengri próftíma fyrir 1. desember vegna haustannarprófa. Sótt er um á Innu undir flýtleiðir/sérúrræði



Póstkortin

GUFBAD VIÐ HVERARÖND



Í Mývatns- sveit



Að morgni 6. október lögðu nemendur í 1. bekk B, C, D og E af stað í námsferð austur í Mývatnssveit. Með í för voru kennararnir Einar Sigtryggsson, Eyrún Gígja Káradóttir, Grétar Ingvarsson, Gunnhildur Ottósdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Sverrir Páll Erlendsson og Jónas Helgason frá Grænavatni. Farið var á 4 rútum, hver bekkur í sínum bíl.

Kennarar sögðu frá því sem fyrir augu bar á leiðinni, en áð var í andartak við Goðafoss og gengið að honum þótt snjór væri yfir öllu og skyggni ekki mjög gott.

Mývatnssveitarferðin er námsferð í jarðfræði og líffræði. Farið er á fjórar stöðvar: Fyrst skal nefna Fuglasafn Sigurgeirs, þar sem nemendur skoðuðu fuglana og bátaskýlið og unnu svolítið verkefni, sem byggðist á því að leita og finna á safninu. Sverrir Páll hafði umsjá með því. Næsta stöð var jarðhitasvæðin, farið með Einari og Grétari um hverasvæðið á Hverarönd austan Námaskarðs, skoðuð Grjótagjá og

Dimmuborgir. Þriðja stöðin snýst að mestu um hraun, þá voru Skútustaðagíggar skoðaðir undir handleiðslu Jónasar, farið um Grænavatnshraun og skoðað hvort tveggja apalhraun og helluhraun og hvernig hraun var notað í byggingar. Fjórða og síðasta stöðin er eins konar rannsóknarstöð í líffræði sem brugðið er upp í félagsheimilinu Skjólbrekku. Þá fara nemendur út og finna dæmi úr gróðurrikinu eða dýrarikinu og skoða og greina með aðstoð einfaldra tækja. Eyrún Gígja og Sonja Sif stýrðu þessu með góðum stuðningi Gunnhildar.

Hádegishléið var svo sameiginlega í Skjólbrekku. Nemendur stóðu sig vel í þessari ferð, veður var miklu betra en vænta mátti og fegurð sveitar og fjallasýn hin mesta.

Að lokinni ferð unnu nemendur ýmis verkefni heima, meðal annars póstkort, sem hafa teyndar tekið á sig ótrúlegustu mynd og eru mörg hver hrein listaverk.



Á Siglufirði



SUNGIÐ Í SIGLUFJARÐARKIRKJU

Að morgni 6. nóvember lögðu nemendur í 1. bekk A, F, G, H og I af stað í tveimur stórum rútum í námsferð til Siglufjarðar. Með í för voru kennararnir Anna Sigríður Davíðsdóttir, Arnar Már Arngrímsson, Logi Ásbjörns-son, Sigríður Steinbjörnsdóttir, Sverrir Páll Erlendsson og Valgerður S. Bjarnadóttir. Logi og Sverrir Páll sögðu frá því sem fyrir augu bar á leiðinni og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir 1F sagði frá Ólafsfirði. Stefán Einar Sigmondsson 1I sagði frá búsetu forfedra sinna í Héðinsfirði og þar var svo mínútulöng þögn, annars vegar til að upplifa þögn í eyðifirði og hins vegar til að minnst þeirra sem fórust þar í mannskæðasta flugslysi hér á landi 29. maí 1947.

Siglufjarðarferðin er farin til þess að kynna nemendum atvinnu- og menningarsögu. Samstarfið við Síldarminjasafnið, Þjóðlagasetrið og Siglufjarðarkirkju hefur reynst happadriúgt.

Í Roaldsbrakka, hinu upphaflega síldarminjasafni, kynnti Arnar Már nemendum sögu síldarævintýrsins og leiddi þá um sýninguna og vistarverur starfsfólksins. Á neðstu hæðinni tók Sverrir Páll við nemendum og fór með þeim í gegnum öll helstu vinnubrögð og tæki og tól sem notuð voru við síldarsöltun og frágang og útflutning síldar. Í Gránu, bræðslusafninu, tók Örlygur Kristfinnsson forstöðumaður safnsins við nemendum og fræddi þá um síldarárin, samfélagið og vinnslu mjóls og lýsis. Í Bátahúsinu leiddi Aníta Elefsen safnstjóri hópana um bryggjur og báta og fræddi þá um mannlífið á bryggjunum. Í Þjóðlagasetrinu var fjallað um tónlistar- menningu og starf séra Bjarna Þorsteinssonar.

Í kirkjunni fjallaði sr. Sigurður Ægisson um kirkjur í Siglufjarðarsókn og núverandi kirkjubyggingu og þátt sr. Bjarna í skipulagi og framkvæmdum staðarins. Þar var auk heldur Sturlaugur Kristjánsson og stýrði fjöldasöng í gömlum sjómannaögum. Þá er þess að geta að tveir hópar nemenda fluttu nýrri sjómannaög og gerðu það af stakri þryði. Og hádegisbitinn var tekinn og snæddur í Safnaðarheimilinu á kirkjuloftinu.

Þessi Siglufjarðarferð tókst afar vel og nemendur fengu mikið hrós fyrir sinn þátt.



HERBERT HEILLAR LÝÐINN



Myndir úr menningarferð: Ásta Guðrún Eydal

Menningarferðin

Ríflega 300 nemendur, flestir úr 1. bekk, fóru í menningarferð til Reykjavíkur dagana 18. - 20. október. Þeir gistu í Verslunarskólanum og þar var kvöldvaka fyrsta kvöldið þar sem MA vann FG í Morfís og Herbert Guðmundsson kom í heimsókn og lék listir sínar. Daginn eftir fóru margir í Bláa lónið og Paintball en sumir brugðu sér í búðir. Um kvöldið fóru margir í bíó en stór hópur gekk yfir götuna og sá leikritið Mýs og menn í Borgarleikhúsinu.

Ferðin heppnaðist afar vel og var að sönnu menningarauki. Stjórn skólafélagsins Hugins hélt utan um hópinn með aðstoð kennaranna Loga Ásbjörnssonar og Unnars Vilhjálmssonar.

FÉLAGSLÍFIÐ Í MENNTASKÓLANUM Á AKUREYRI

Félagslífið í skólanum er mikið og öflugt en það getur tekið nýnema nokkurn tíma að kynnast möguleikunum í félagslífi innan skólans. Félagakynning fyrir nýnema var í byrjun október og fjölmörg félög kynnt til sögunnar, auk þess sem stjórn skólafélagsins ræddi við allan fyrsta bekk í umsjónartíma. Mörg félög eru í skólanum en **Huginn**, skólafélagið sem langflestir nemendur skólans eru aðilar að, heldur utan um skipulag atburða. Árshátíð skólans er haldin sem næst fullveldisdeginum 1. desember og verður í ár föstudaginn 29. nóvember.

Nemendur skólans eiga hrós skilið fyrir þá alúð sem þeir leggja í félagslífið og fyrir þann góða sið að halda

öllum skemmtunum á vegum skólans áfengis- og vímuefnalausum. Eins og kom fram á skólasetningu var gert samkomulag við fjórðubekkinga um að halda ekki sameiginleg partí nýnema og fjórðubekkinga, þar sem áfengi er haft um hönd, en skólinn hefur í samvinnu við foreldrafélagið reynt að leggja sitt af mörkum til að þessum ósið sé hætt.

Nú hafa allir 4. bekkir hitt 1. bekkina sína utan skólatíma þar sem snæddar hafa verið ljúffengar kökur eða pizzur, farið í leiki og fleira sér til gamans gert. Það er gaman að vera saman 😊

HUGINN
skólafélag
MA

